



TÓNLISTARSKÓLI
ÁRNESINGA



Örlítið sýnishorn frá smiðjuviku í mars 2023. Kvikmynd var hljóðsett, samband sló taktinn, Suzukihljómsveit lék á ýmis hljóðfæri og margt, margt fleira

• *Gerum góðan skóla betri* •

Október 2023

**Tónlistarskóli Árnésinga hlaut
Menntaverðlaun Suðurlands 2022**

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnésinga október 2023	4
Inngangur	4
Veturinn 2022 – 2023	6
Forskólinn 2022 - 2023	6
Próf veturinn 2022 – 2023	6
Tónleikahald 2022 – 2023	6
Veturinn 2023 – 2024	7
Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld	7
Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnésinga 2023 – 2024	7
Fjöldi nemenda 2023 – 2024 / biðlistinn	8
Kennarar 2023 – 2024	8
Endur- og símenntun kennara	8
Kennlustaðir 2023 – 2024 og aðbúnaður	9
Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2023 – 2024	9
Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum	10
Forskóla-hljóðfærakynningar	10
Áætlun 2024	10
Skýrslur deildastjóra maí 2023	11
Blásaradeild	11
Blokkflautudeild	12
Gítardeild	14
Píanódeild	15
Rytmísk deild	16
Strengjadeild	17
Suzukideild	18
Söngdeild	20
Tónfræðadeild	21
Fylgiskjal A - Skóladagatal	22
Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk	23
Fylgiskjal C – Stigspróf	24
Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst.	25
Fylgiskjal E – Nemendafjöldi	26
Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum	27

Fylgiskjal G – Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi	28
Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni.....	29
Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda	30
Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi.....	31
Fylgiskjal K – Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs.....	32
Fylgiskjal L – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi	33
Fylgiskjal M - Kennaralisti	34
Fylgiskjal N - Kynjahlutfall kennara	35
Fylgiskjal O - Starfshlutfall kennara eftir kyni	36
Fylgiskjal P – Skólagjöld	37
Fylgiskjal Q – Fjöldi nemenda og klst.	38
Fylgiskjal R – Áætlun 2024	39
Fylgiskjal S – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2024	42

Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2023

Inngangur

Við höldum af stað inn á spennandi starfsár í Tónlistarskóla Árnesinga. Stærsta verkefni vetrarins verður án efa samstarf tónlistarskólans við Sinfóníuhljómsveit Suðurlands og Pollapönk á vormánuðum. Þema vetrarins ber merki þessa samstarfs, en það verður „*Burtu með fordóma*“ og kemur þetta viðfangsefni til með að lita lagaval á tónleikum vetrarins.

Eins og á sl. ári verður áhersla lögð á sýnileika. Í kjölfar covid gætir nokkrar deyfðar varðandi umsóknir í tónlistarnám (líka á landsvísu). Þó kennarar hafi í flestum tilvikum náð að fylla sínar stöður, eru biðlistar nær tómir.

Eins og sjá má í samantekt hér á eftir eru framundan fjölmargir tónleikar. Að þessu sinni munu fjórar hljóðfæradeildir halda tónleika í nýjum sal Stekkjaskóla í nóvember. Verður spennandi að sjá og heyra hvernig salurinn reynist.

Tímabrek verkefni hafa verið á borðum skólastjórnenda á árinu og fylgir þeim talsvert vinnuálag. Má þar nefna skipulagsvinnu vegna **smiðjuviku** í mars. **Jafnlaunavottun** er komin til Jafnréttisstofu til yfirferðar, en talsverð vinna fór í að ljúka henni. **Nýtt nemendakerfi** (SpeedAdmin) var tekið í gagnið í janúar, en enn eru ýmsir vankantar á þessu nýja kerfi sem ekki þjónar skólastjórnendum nægilega vel. Skólagjöld hefur ekki verið hægt að innheimta vegna þess að tengingu við SportAbler vantar enn (þetta átti að vera klárt fyrir ári síðan). Ýmsar skýrslur og upplýsingar eru ekki jafn aðgengilegar í nýja kerfinu og tafsamt að leita upplýsinga um allra handa tölfræði.

Mig langar að gera **húsnæðismál tónlistarskólans** að sérstöku umræðuefni í ár. Húsnæðismál eru því miður oft á tíðum varnarbarátta og þarf stöðugt að fylgjast með að aðstaða til tónlistarkennslu á kennslustöðum skólans sé fullnægjandi. Fjölgun grunnskólanemenda er einn áhrifaþátta og þegar þrengir að í grunnskólunum verður tónlistarkennslan „fyrir“. Á nokkrum stöðum er aðstaða góð, annars staðar viðunandi og loks er líka, því miður, um óviðunandi aðstaðu að ræða. Eins og fram kom í ársskýrslu 2022 erum við sannarlega tilbúin að vera sveigjanleg ef þrengir að í grunnskólunum og samnýta rými, en það má ekki verða til þess að ýta tónlistarkennslunni út í horn eða út úr grunnskólunum. Að hafa þá tilfinningu að vera fyrir er í besta falli óþægilegt.

Erindi verða send núna á haustmánuðum til sveitarfélaganna með óskum um úrbætur þar sem á þarf að halda, en hér fyrir neðan má sjá nokkrar vörður sem mikilvægt er að fylgja, hvað húsnæði varðar:

Í [Aðalnámsskrá tónlistarskóla - almennum hluta](#) á bls. 57 – 58 og í viðauka á bls. 68 – 72 má sjá þau viðmið sem sett eru um húsnæði til tónlistarkennslu.

Í [lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum](#) er vert að skoða m.a. **42. gr.**

Vinnustaður skal þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Í starfsleyfisfiskilyrðum [Heilbrigðiseftirlits Suðurlands](#) dags. 30. ágúst 2022, fyrir skóla og kennslustaði er m.a. eftirfarandi tiltekið:

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ – 1.3. Þess skal gætt við staðsetningu kennsluhúsnæðis að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.
2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR – 2.2. Húsakynni skulu vera rúmgóð, bjöt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. 2.3. Hljómur skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.

Þrátt fyrir ofangreindar þrengingar í húsnæðismálum horfum við með mikilli tilhlökkun til komandi vetrar.

Kennarar skólans eru kraftmikill, metnaðarfullur og skemmtilegur hópur sem stefnir á að vera sýnilegur í samfélaginu með nemendum sínum. Að fá tækifæri til tónlistarnáms er dýrmætt og áhrif tónlistar eru óumdeilt mjög jákvæð bæði fyrir einstaklingana sjálfa og samfélagið allt.

*Selfossi, 1. október 2023,
Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*

Veturinn 2022 – 2023

Forskólinn 2022 - 2023

Hljóðfærakynningar í 2. bekk allra grunnskólanna 12 í Árnassýslu fóru fram með 60 hefðbundnum heimsóknum á vorönn 2023. Tónlistarkennararnir þakka nemendum og kennurum grunnskólanna fyrir hlýjar móttökur og allan áhugann.

Próf veturinn 2022 – 2023

Veturinn 2022 – 2023 luku mun færri nemendur stigs- og áfangaprófum en í venjulegu ári, eða aðeins 107. Þar af luku 20 nemendum samræmdum áfangaprófum samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Einn nemendi, Hildur Tanja Karlsdóttir, lauk framhaldsprófi á fiðlu í vor, ásamt glæsilegum framhaldsprófstónleikum í Hveragerðiskirkju. (Fylgiskjal C - Stigspróf).

Tónleikahald 2022 – 2023

Tónleikahald var með miklum blóma á skólaárinu. [Um 170 tónleikar og aðrir viðburðir](#) voru skráðir, en að auki var undirbúinn stór tónleikadagur í tilefni af Degi tónlistarskólanna í febrúar, sem féll niður vegna óveðurs.

[Strengjamót](#) var haldið á Selfossi 7. – 8. október. Mótið sóttu um 250 strengjanemendur af öllu landinu.

Nokkrir tónleikar voru haldnir í [október menningarmánuði í Árborg](#).

[Deildartónleikahald](#) fóru fram með hefðbundnum hætti í nóvember. Á tónleikunum komu fram allar hljómsveitir og samspilshópar skólans auk fjölda annarra einleiks og samleiksverka. Um 130 nemendur og kennarar komu fram á stórtónleikum með [lögum Gunnars Þórðarsonar](#) sem haldnir voru á Laugarvatni.

Hausttónleikar og Suzuki-útskriftartónleikar gengu samkvæmt áætlun, en á þessum tónleikum koma fram nær allir nemendur skólans.

[Jólaakveðja Tónlistarskóla Árnesinga 2022](#) var tekin upp í desember. Það var söngdeild skólans sem flutti jólalagið 2022.

Nokkrir nemendur léku með [Sinfóníuhljómsveit Suðurlands](#) á jólatónleikum í Selfosskirkju og tveir strengjanemendur tóku þátt í jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í desember.

[Barnadjass - Námskeið Odd André](#) var haldið í janúar og apríl fyrir nemendur og kennara.

[Mið- og framhaldsdeildartónleikar](#) voru haldnir 15. og 16. mars í Selfosskirkju.

[Hátíðartónleikar Nótunnar](#) fóru fram í Hörpu 19. mars. Framlag Tónlistarskóla Árnesinga að þessu sinni var Suzuki-gítarsveit sem stóð sig með miklum sóma.

[Smiðjuvikan 27.-31. mars](#) var ótrúlega skemmtileg. Nemendum bauðst að sækja mörg margvísleg tónlistarleg námskeið alla vikuna, sem kennarar höfðu veg og vanda að. Boðið var upp á smiðjur á öllum kennslustöðum skólans.

Nokkrir strengja- og blokkflautunemendur sóttu [Suzuki-tónleikahátíð í Royal Albert Hall](#) um páska. Glæsilegir [framhaldsprófstónleikar](#) voru haldnir í maí, þegar Hildur Tanja Karlsdóttir lauk framhaldsprófi í fiðluleik.

[Vortónleikar og skólaslit](#) voru haldin með hefðbundnu sniði á öllum kennslustöðum í maí.

Veturinn 2023 – 2024

Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2023 – 2024 hófst 21. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 28. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 27. maí 2024 og þremur starfsdögum 28. – 30. maí 2024. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustfrí er tekið 12. - 17. október og vetrarfrí 19. - 23. febrúar, en þessi frí eru aðlöguð að skóladagatali stærstu grunnskóla sýslunnar og FSu. Fimm frídagar vegna styttingar vinnutíma tónlistarskólakennara, eru felldir að haustfríunum. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku.

(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2023 – 2024)

(Fylgiskjal Q - Skólagjöld 2023 – 2024)

Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga 2023 – 2024

Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

Framkvæmdastjórn: Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

Stjórn Tónlistarsk. Árn.: Kjartan Björnsson, formaður (Sveitarfélagið Árborg)
Erla Sif Markúsdóttir, varaformaður (Sveitarfélagið Ölfus)
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, ritari (Bláskógabyggð)

Skólastjóri: Helga Sighvatsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Jóhann I. Stefánsson

Skólaritari: Anna Jónsdóttir

Deildarstjórar 2022-2024:

Gestur Áskelsson	Blásaradeild + Blokkflautudeild
Guðmundur Kristmundss.	Strengjadeild + Suzukideild
Margrét S. Stefánsdóttir	Píanódeild + Söngdeild
Vignir Ólafsson	Rytmísk deild + Gítardeild
Edit Anna Molnár	Tónfræðadeild + Forskóladeild

Deildarstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn.

Umsjónarmenn kennslustaða

- getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

- hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2022-2023:

Flóaskóli Eyjólfur Eyjólfsson

Flúðir/Þjórskárskóli Magnea Gunnarsdóttir

Hveragerði Timothy Andrew Knappett

Reykholt Björn Pálmi Pálmason

Stokkseyri/Eyrbakkri Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir

Þorlákshöfn Gestur Áskelsson

Fjöldi nemenda 2023 – 2024 / biðlistinn

Í ár stunda 511 nemendur nám við skólann í einkatímum og hóptímum. Þar af eru 141 nýnemar. Um 280 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu fá hljóðfærakynningar á vegum Tónlistarskólans.

Á biðlista 1. október, eru 22 nöfn sem skiptast þannig:

Árborg: 11 (5 x píanó, 6 x trommur)

Ölfus: 4 (4 x píanó)

Hveragerði: 5 (1 x Suzuki-gítar, 4 x Suzuki-píanó)

Grímsnes- og Grafningshreppur 2 (1 x píanó, 1 x trommur)

Hluti þessara nemenda fær skólavist í haust.

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjölum.

(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi)

(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal G - Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi)

(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal K - Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs)

(Fylgiskjal L - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)

(Fylgiskjal Q - Fjöldi nemenda og klukkustunda)

Kennarar 2023 – 2024

Þrjú kennarar létu af störfum í vor. Einar Bjartur Egilsson píanókennari, Francisco Javier Jáuregui gítarkennari og Svanhildur Sól Sigurbjarnardóttir málmblásturskennari. Þeirra kennsla dreifist á aðra kennara skólans. Við þökkum fráfarandi kennurum innilega fyrir ómetanlegt faglegt starf og gott samstarf á liðnum árum. Sigríður Kjartansdóttir er í launalausum leyfi í vetur. Afleysingar eru í höndum Guido Bäumer.

Í vetur starfa 37 kennarar við skólann í um 27 stöðugildum.

(Fylgiskjal M - Kennaralisti)

(Fylgiskjal N - Kynjahlutfall kennara)

(Fylgiskjal O - Starfshlutfall kennara eftir kyni)

Endur- og símenntun kennara

Kennarar skólans eru almennt duglegir að sinna endur- og símenntun utan skólans eins og kveðið er á um í kjarasamningum. Suzukikennarar eru flest allir í Suzukikennaranámi og einn kennari lýkur mastersnámi við tónlistardeild Listaháskóla Íslands í vetur.

Tónlistarskólinn stendur árlega fyrir nokkrum námskeiðum og fyrirlestrum fyrir kennara á starfsdögum. Námskeið á nýja nemendakerfið hafa verið fastur liður á starfsdögum í ár. Í vor fór kennarahópurinn til Prag, heimsótti Conservatoríið í Brno, fór á tónlistarsafn og nokkra tónleika. Í haust fengum við Guðrún Helga Bjarnadóttir til okkar með námskeið frá Barnaheillum sem heitir „Verndarar barna“. Til viðbótar hafa mjög margir tekið netnámskeið um barnavernd á vegum Æskulýðsvettvangsins.

Á haustþingi tónlistarskólakennara í september var rýnt í Aðalnámskrá tónlistarskóla og mikilvæga endurskoðun hennar.

Skólastjórnendur sóttu þing samtaka tónlistarskólastjóra sem haldið var í Dublin að þessu sinni. Farið var m.a. í skólaheimsókn í Royal Irish Academy of Music og á fyrirlestra á vegum Sing Ireland og The Irish Association of Youth Orchestras.

Kennslustaðir 2023 – 2024 og aðbúnaður

Húsnæðismál eru því miður oft á tíðum varnarbarátta og þarf stöðugt að minna á að húsnæði sé fullnægjandi til tónlistarkennslu á kennslustöðum skólans. Umbætur eru í gangi á nokkrum stöðum, en erindi verða send á haustmánuðum til sveitarfélaga um úrbætur, þar sem betur má gera.

Kennslustaðir:

Árborg:

- Eyravegur 9, Selfossi
- Eyravegur 15, Selfossi
- Sunnulækjarskóli
- Stekkjaskóli
- Vallaskóli. Engin kennsla í vetur vegna plássleysis.
- Barnaskólinn á Stokkseyri
- Barnaskólinn á Eyrarbakka. Engin kennsla í vetur. Nemendur dreifast á marga kennara. - - Hugum að kennslu næsta haust.

Bláskógabyggð:

- Reykholtsskóli
- Bláskógaskóli Laugarvatni

Flóahreppur:

- Flóaskóli. Engin kennsla í Flóaskóla vetur, þar sem nemendur dreifast á marga kennara og mörg ólík hljóðfæri. - Hugum að kennslu næsta haust.

Grímsnes- og Grafningshreppur:

- Kerhólsskóli

Hrunamannahreppur:

- Flúðaskóli
- Félagshemili Flúðamanna, á meðan framkvæmdir standa yfir í grunnskólanum.

Hveragerði:

- Grunnskólinn í Hveragerði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

- Þjórsárskóli
- Brautarholt

Ölfus:

- Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2023 – 2024

Tónleikahald verður með hefðbundnu sniði í vetur sbr. skóladagatal:

- Deildatónleikar í nóvember 2023 verða sem hér segir:
 - 3. nóv. kl. 17:00 - Blásaradeildartónleikar – Sal Stekkjaskóla
 - 6. nóv. kl. 18:00 - Blokkflautudeildartónl. – Sal Stekkjaskóla
 - 8. nóv. kl. 18:00 – Gítardeildartónl. – Sal Stekkjaskóla
 - 9. nóv. kl. 17:30 – Strengjadeildartónl. – Sal Stekkjaskóla
 - 10. nóv. kl. 17:00 – Rytmskir deildartónl. – Liszt, Eyravegi 9
 - 16. nóv. kl. 17:30 - Píanódeildartónl. – Aratungu
 - 7. des. kl. 17:30 - Söngdeildartónl. – Staðsetning tilkynnt síðar.

- Hausttónleikar skólans verða vikuna 20. - 25. nóvember.
- Árlegt jólaball Suzukideildar verður í byrjun desember.
- Í desember leika nemendur jólalög og aðra fallega tónlist úti í samfélaginu.
- Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur laugard. 10. febrúar skv. skóladagatali, en mögulega færast þeir fram í mars, vegna samstarfs við Sinfóníuhljómsveit Suðurlands og Polla pönk. Viðfangsefni tónleikanna er „*Burtu með fordóma*“.
- Miðdeildartónleikar, miðvikud. 13. mars 2024.
- Framhaldsdeildartónleikar, fimmtud. 14. mars 2024.
- Nótan, uppskeruhátíð tónlistarskólanna fer fram í mars 2024.
- Píanó-hringekjutónleikar, 30. apríl 2024. Þetta eru samspilstónleikar píanónemenda.
- Vortónleikar, 2. – 8. maí 2024.
- Skólaslit 21. – 27. maí 2024.

Aðgangur að tónleikum skólans er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

Blásarasveitir skólans á Selfossi og í Þorlákshöfn sóttu blásaramót í Vestmanneyjum helgina 9. – 10. september og strengjanemendur tóku þátt í strengjamóti á Akureyri 9. – 10. október. Blokkflautunemendur fá heimsókn frá Færeijum í mars og ýmislegt fleira skemmtilegt mun reka á fjörurnar til viðbótar í vetur.

Þema vetrarins er „*Burtu með fordóma*“.

Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum

Stefnt er að því að fara á sem flest hjúkrunarheimili í sýslunni í vetur. Kennarar skiptast á um að fara með nemendur og leika fyrir heimilisfólk.

Forskóla-hljóðfærakynningar

Hljóðfærakynningum tónlistarskólans innan grunnskólanna verður fram haldið á vorönn. Allar bekkjardeildir 2. bekkjar fá fimm heimsóknir þar sem verður bæði sungið, og leikið á hljóðfæri.

(Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

Áætlun 2024

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2024 eru áætluð 351.575.263 kr. Ekki er gert ráð fyrir launabreytingum í þessari áætlun, en **kjarasamningar FT og FÍH runnu út 31. mars 2023. Áætlun krefst því endurskoðunar þegar skrifað verður undir nýjan kjarasamning.**

Forsendur áætlunar eru:

1. Áætlun gerð á rauntölum janúar - ágúst 2023 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2023 - 2024.
2. Kennslustundafjöldi í október 2023, 480 klst.
3. Kjarasamningur KÍ/FT við LS - gildistími 1.1.2022 – 31.3.2023
4. Kjarasamningur FÍH við LS - gildistími 1.1.2022 – 31.3.2023

(Fylgiskjal R - Áætlun 2024)

(Fylgiskjal S - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2024)

Skýrslur deildastjóra maí 2023

Blásaradeild

Skýrsla maí 2023

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:

Birna Bragadóttir

Eyjólfur Eyjólfsson

Gestur Áskelsson

Jóhann I. Stefánsson

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Sigríður Kjartansdóttir

Stefán I. Þórhallsson

Svanhildur Sól Sigurbjarnardóttir

Zbigniew Zuchowicz

Kennslugreinar:

Þverflauta, klarínetta, saxófónn

Þverflauta

Klarínetta, saxófónn

Trompet, básúna, túba

Þverflauta

Þverflauta

Slagverk

Trompet, horn, básúna

Trompet, básúna, horn

Hljómsveitir og samspil:

Selfoss Blásarasveit AB

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Selfoss Blásarasveitir CD

Jóhann I. Stefánsson/ Svanhildur Sól Sigurbjarnardóttir

Þorlákshöfn Yngri blásarasveit

Gestur Áskelsson

Þorlákshöfn Eldri blásarasveit

Gestur Áskelsson

Tónleikahald deildar:

Tónleikahald var með hefðbundnum hætti í ár, Blásaradeildartónleikar voru haldnir í Þorlákskirkju 4. nóv. ásamt hefðbundnum haust- og jólatónleikum. Dagur tónlistarskólanna var skipulagður á öllum kennslustöðum í febrúar en þeir féllu niður vegna veðurs. Í maí mánuði eru haldnir vortónleikar og skólaslit á öllum útibúum tónlistarskólans.

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Yngri lúðrasveitir tónlistarskólans munu fara á landsmót SÍSL sem í þetta sinn er haldið í Vestmannaeyjum 19.-22. maí. Í vetur hefur gengið vel að halda úti heimsóknum til eldri borgara, leikskóla og fleiri stofnana.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Zbigniew sótti óformlegt dagsnámskeið í málmblastursviðgerðum í Póllandi og einnig tveggja daga námskeið í básúnuleik.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Blásaradeildin stefnir á að vera enn sýnilegri á næsta skólaári og vonumst við til þess að fá fleiri nemendur í deildina okkar.

Annað: Hlökkum til næsta skólaárs sem verður vonandi með hefðbundnum hætti.

Blokkflautudeild

Skýrsla maí 2023

Deildarstjóri: Gestur Áskelsson

Kennarar:

Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsd.

Sylvía Rosel

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Helga Sighvatsdóttir

Kennslugreinar:

Blokkflauta, Suzukiblokkflauta, samspil

Suzukiblokkflauta, samspil

Samspil

Blokkflauta, samspil

Samspilshópar:

Selfoss, Blokkflautusveit AB

Selfoss, Blokkflautusveit CD

Suzuki-blokkflautuhópur 1

Suzuki-blokkflautuhópar 2 og 3

Tilfallandi dúettar og tríó.

Stjórnandi:

Kristín Jóhanna Dudziak og Kolbrún Berglind Grétarsd.

Helga Sighvatsdóttir

Sylvía Rosel

Kristín Jóhanna Dudziak

Tónleikahald deildar:

Blokkflautudeildartónleikar á Selfossi 7. nóv. 2022

Lög Gunnars Þórðarsonar á Laugarvatni 19. nóv. 2022

Hausttónleika 2. des. 2022

Jólaspilamennska í Nytjamarkaðnum 14. des. 2022

Suzuki-útskriftartónleikar 16. des. 2022

Tónleikar í tilefni af Degi tónlistarskólann í febrúar 2023 féllu niður v. veðurs

Miðdeildartónleikar 15. mars 2023

Suzuki-útskriftartónleikar 22. mars 2023

Fjölskyldutónleikar 15. apríl 2023

Vortónleikar 3. maí 2023

Tónleikar fyrir eldri nemendur 9. maí 2023

Skólaslit á Selfossi 25. maí 2023

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Blokkflautudeild heimsótti Vinaminni (dagdvöl fyrir aldraða á Selfossi) 30. nóvember 2022 og hjúkrunarheimilið Sólvang á Eyrarbakka 21. febrúar 2023.

Valdís Jóna Steinþórsdóttir, nemandi í TÁ, tók þátt í British Suzuki Gala um páskana og lék á tónleikum í Albert Hall ásamt Sylvíu Rosel.

Próf – fjöldi:

2 nemendur luku 1. stigi, 1 nemandi lauk 2. stigi, 5 nemendur luku Grunnprófi, 1 nemandi lauk 4. stigi og 1 nemandi lauk 6. stigi. 5 nemendur útskrifuðust úr Suzukibókum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Sylvía stundaði Suzuki-blokkflautukennaranám í vetur.

Kolbrún Berglind er í mastersnámi í söng- og hljóðfærakennslu í listaháskólanum. Hún er einnig í Suzuki píanókennaranámi í vetur.

Kristín Jóhanna hefur sótt námskeið í æfingatækni Practie Practising. Suzuki blokkflautukennararáðstefnu í mars. Einnig sótti hún masterclass hjá Nancy Daly.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:
SpeedAdmin nemendaskráningarkerfi tók við af SchoolArchive í vetur.

Forskóladeild – hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnassýslu.
Skýrsla maí 2023

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár

Allir nemendur í 2. bekk í grunnskólum Árnassýslu fengu fimm heimsóknir yfir veturinn.

Yfirumsjón með kynningunum var í höndum deildarstjóra hvers hljóðfærahóps. Hver þeirra hélt utan um sjö kynningarlotur í sínum hljóðfæraflokki. Til liðs við sig fengu deildarstjórar kennara úr heimasveit eða annan kennara innan deildar eftir atvikum. Grunnskólakennarar og skólastjórar fengu í upphafi vetrar senda áætlun um heimsóknartímana.

Hver tími byggðist upp á kynningu á hljóðfærunum og hljóðfæraleik. Að auki voru í hverri kynningu sungin lög.

Kynningar - Deildarstjórar - Kennarar:

Gítar/slagverk/rytmísk hljóðfæri: *Vignir Ólafsson,*

+ Stefán I. Þórhallsson.

Strokhljóðfæri: *Guðmundur Kristmundsson*

+ Guðmundur Pálsson, Ulle Hahndorf, Zbigniew Zuchovich

Tréblásturshljóðfæri: *Gestur Áskelsson*

+ Helga Sighvatsdóttir, Kristín J. Dudziak, Sigríður Kjartansdóttir, Örlygur Benediktsson, Zbigniew Zuchovich

Málmblásturshljóðfæri: *Jóhann I. Stefánsson*

+ Svanhildur Sól Sigurbjarnadóttir, Zbigniew Zuchovich

Píanó og söngur / upprifjunartími: *Margrét S. Stefánsdóttir og Edit A. Molnár*

Gítardeild

Skýrsla maí 2023

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Birgit Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Francisco Javier Jáuregui

Luke Starkey

Gestur Áskelsson

Zbigniew Zuchowicz

Kennslugreinar:

Gítar, Suzukigítar, Samspil

Gítar, rafgítar, samspil

Gítar

Gítar, rafgítar, samspil

Gítar, rafgítar

Gítar

Samspilshópar:

Hveragerði Gítarsamspil

Selfoss Gítarsamspil A og C

Selfoss Gítarsamspil B

Þorlákshöfn Gítarsamspil

Stjórnandi:

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Luke Starkey

Luke Starkey

Selfoss Suzukihópar A, B og C

Meðleikur með Suzukihópum

Birgit Myschi

Kristinn Freyr Kristinsson

Tónleikahald deildar:

Deildartónleikar Safnaðarheimili Selfosskirkju 9.11.2022

Lög Gunnars Þórðarsonar íþróttahúsinu á Laugarvatni 19.11.2022

Haustrónleikar Selfoss 25.11.2022, 8.12.2022, 9.12.2022, Skálholti 8.12.2022,

Suzuki útskrift 30.11.2022, 6.12.2022

Jólaball Suzuki 7.12.2022

Opið hús í Grunnskólanum í Hveragerði 8.12.2022

Spilað fyrir bekkinn 14.12.2022

Jólatónlist bókasafni 15.12.2022

Dagur tónlistarskólanna féll niður v. veðurs

Vortónleikar 11.05.2023, 12.05.2023

Skólaslit 25.maí Sunnlækjarskóli

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Heimsókn í Grænumörk 1.12.2022

Heimsókn í Árblik 4.05.2023

Hljóðfærakynningar gengu vel sem endra nær

Próf: 22 þreyttu próf hjá gítardeild þar af voru 3 sem tóku grunnpróf.

Píanódeild

Skýrsla maí 2023

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

Píanókennarar:

Birna Bragadóttir

Daniel Alexander Cathcart Jones

Björn Pálmi Pálmason

Einar Bjartur Egilsson

Ester Ólafsdóttir

Gestur Áskelsson

Guðrún Markúsdóttir

Guðmundur Óli Gunnarsson

Jón Bjarnason

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Magnea Gunnarsdóttir

Margrét S. Stefánsdóttir

Miklós Dalmay

Olga Blaschuk

Svetlana O. Veshchagina

Teresa Barbara Zuchowicz

Timothy Andrew Knappett

Ulle Hahndorf

Zbigniew Zuchowicz

Kennslugreinar:

píanó

rytmískt píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

píanó

piano

píanó

píanó

píanó

píanó

Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi): Píanóhringekja, Suzukisamspil, Tilfallandi samspil píanónemenda

Tónleikahald deildar: Píanódeildartónleikar voru haldnir í nóvember. Mið- og framhaldsdeildartónleikar í mars. Einnig haust og vortónleikar. Skólaslit voru á kennslustöðum þar sem píanónemendur komu fram.

Tónleikaferðalög og heimsóknir: Píanónemendur fóru „út í bæ“ og spiluðu meðal annars á öldrunarheimilum og á Bókasafni Árborgar. Einnig fóru Suzuki-píanónemendur í Tónastöðina í Reykjavík og spiluðu þar.

Próf – fjöldi áfangaprófa: 26 stigspróf og 5 áfangapróf. 4 suzukiútskriftir. Píanónemendur í hefðbundnu námi voru 171 og í suzuginámi 35.

Námskeið sem kennarar hafa sótt:

Ester Ólafsdóttir vinnur að 4.stigi í suzukikennaranámi

Guðrún Markúsdóttir er að klára 4.stigi í suzukikennaranámi í júní 2023

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir er í mastersnámi í söng og hljóðfærakennslu í Listaháskóla Íslands. Er einnig í suzuki píanókennaranámi.

Magnea Gunnarsdóttir er í suzuki píanókennaranámi.

Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

Ekki mikið um nýjungar á þessu skólaári. Covidið hefur þó kennt okkur að bregðast við nýjum aðstæðum og að það er mögulegt að kenna með fjarfundabúnaði.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Píanóhringekjunemendur ætla í heimsókn í Tónskóla Sigursveins og halda tónleika með nemendum þar. Einnig er stefnt að endurmenntun/námskeiði hjá kennurum næsta haust.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir: Hljóðvist milli rýma í Páli Ísólfsyni þarf að laga. Það heyrir mjög mikið á milli þessara stofa sem truflar kennslu.

Rytmísk deild

Skýrsla maí 2023

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

Kennarar:

Stefán I. Þórhallsson
Skúli Gíslason
Vignir Ólafsson
Daniel Cassidy
Luke Starkey
Daníel Alexander Cathcart Jones

Kennslugreinar:

Slagverk og trommur og samspil
Trommur, slagverk
Rafgítar, rafbassi og samspil
Fiðla, gítar og rafbassi
Rafgítar, samspil
Píanó, hljómborð

Samspilshópar:

Selfoss Rytmísk samspil 1
Selfoss Rytmísk samspil 2, 3 og 4
Selfoss Slagverkssamspil G og M

Stjórnandi:

Luke Starkey
Vignir Ólafsson
Stefán I. Þórhallsson

Tónleikahald deildar:

Opið hús listaskóla Árborgar Sviðinu Selfossi 29.10.2022
Deildartónleikar Selfossi 11.11.2022,
Lög Gunnars Þórðarsonar íþróttahúsinu Laugarvatni 19.11.2022
Hausttónleikar Selfoss 22.11.2022, 2.12.2022,
Jólaball Sunnulækjar og Vallaskóla 20.12.2022
Dagur tónlistarskólanna féll niður vegna veðurs
Vortónleikar 2.05.2023, 19.05.2023
Skólaslit Sunnulækjarskóla 25.05.2023

Tónleikaferðalög og heimsóknir: Ljósheimar 25.11.2022

Hljóðfærakynningar gengu vel að venju og setti veður ekki strik í reikninginn í þetta skiptið

Próf – fjöldi áfangaprófa: 14 nemendur tóku próf, þar af 1 nemandi sem tók grunnpróf

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs: Styðja við starfsmenn skólans varðandi rafrænt umhverfi, fjarkennslu, upptökur og streymi.

Annað: Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

Strengjadeild

Skýrsla maí 2023

Deildarstjóri: Guðmundur Kristmundsson

Kennarar:

Guðmundur Kristmundsson
Guðmundur Pálsson
María Weiss
Uelle Hahndorf

Kennslugreinar:

Fiðla, víóla
Fiðla
Fiðla
Selló

Hljómsveitir og samspilshópar:

Selfoss Fiðlusamspil-G
Selfoss Fiðlusamspil-F
Selfoss Strengjasveit-AB
Selfoss Strengjasveit-CD

Stjórnandi:

Guðmundur Pálsson
María Weiss
Uelle Hahndorf
Guðmundur Kristmundsson

Tónleikahald deildar:

Deildartónleikar 10. nóv
Þátttaka í tónleikum með lögum Gunnars Þórðarsonar á Laugarvatni 19. nóv
Strengjasveit AB á Jólballi Suzukideildar 7. des
Strengjapátttaka á Mið- og Framhaldsdeildartónleikum í mars
Tónleikar og pizzukvöld strengjasveitar AB 24. apríl
Telemann tónleikar Strengjasveitar CD í Selfoskirkju 10. maí

Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Þátttaka fiðlunemenda í Ungsveit SÍ í sept
Þátttaka strengja í Jólakveðju TÁ
Strengjanemendur á opnu húsi í Grunnskólanum í Hveragerði
